



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Alþingi
Erindi nr. P 123/578
komudagur 11.12.'98

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri
v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

GARÐASÍMÆTI 41
Garðastræti 11

PÓSTHÓLF 520
P.O. Box 520

SÍMI 511 5000
TEL 354 511 5000

Fax: 354 511 5010

121 REYKJAVÍK
121 Reykjavík

ÍSLAND
Iceland

THM. YDAR
Your ref.

BRÉF YDAR
Your letter

THM. VOR
Our ref.
ÞVP/jg

DAGS
Date

Rvk. 10.12.1998

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt, samsköttun félaga ofl., 278. mál.


Vinnuveitendasambandið styður meginefni þessa frumvarps og fagnar því sérstaklega að lögleidd séu ákvæði sem heimila samsköttun móður- og dótturfélaga. Þessi ákvæði auðvelda skipulagningu og stjórnun í atvinnurekstri og greiða fyrir því að stærri hlutafélög séu greind í smærri einingar með skýrri ábyrgð og verkaskiptingu. Þetta er framfaramál sem fyrst og fremst stuðlar að bættum rekstri og þannig að auknum skattgreiðslum til ríkissjóðs.

Af öðrum ákvæðum frumvarpsins vill Vinnuveitendasambandið sérstaklega vekja athygli á ákvæðum þriðju greinar um breytingu á heimildum til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þar er að mati samtakanna sá galli á að vísað er til reglna sem giltu í árslok 1996 að því er varðar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þær reglur ríkisskattstjóra eru að mati samtakanna illilega gallaðar þar sem þær gefa ekki heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á móti yfirverði selds, innborgaðs hlutafjár eins og eðlilegt væri. Hér er að líkindum um tiltölulega fá tilvik að ræða sem einkum hafa komið til á árunum eftir 1985 þegar hlutafé í fyrirtækjum hefur verið boðið til sölu á hærra verði en sem svarar nafnverði. Afar óeðlilegt er að ekki megi jafna á móti yfirverði þess hlutafjár og hafa engar haldbærar skýringar fengist á þessari afstöðu skattfyrvalda. Því leggur VSÍ til að á eftir málslið, B-liðs 3. greinar komi nýr málsliður svohljóðandi:

Til jöfnunarverðmætis telst auk þess fjárhæð sem svarar til verðmætis innborgaðs hlutafjár umfram nafnverði útgefinna hlutabréfa við hlutafjáraukningu frá 1. janúar 1985 að telja.

Með framangreindri breytingu telur Vinnuveitendasambandið að jafnræðis sé gætt hvað varðar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa og mælir að þessum breytingum gerðum eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri.